

33. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

34. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skólans gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur, og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

VII. KAFLI

Gildistaka.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæði 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar frá 19. ágúst 1981. Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1984.

36. gr.

Endurskoða skal þessa reglugerð að liðnum þremur árum frá gildistöku hennar.

Menntamálaráðuneytið 11. maí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nr. 255

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1983.

Eignir:	Kr.
Spariskírteini ríkissjóðs	25 388 150,00
Skuldir:	
Skuld við Seðlabanka	2 167 041,64
Ósóttir styrkir frá 1978	600,00
Ósóttir styrkir frá 1979	35 000,00
Ósóttir styrkir frá 1981	17 500,00
Ósóttir styrkir frá 1982	125 000,00
Ósóttir styrkir frá 1983	282 500,00
	Kr.
Höfuðstóll hinn 31/12 1982	16 094 843,47
Nýtt framlag Seðlabanka	830 679,59
Tekjur umfram gjöld	5 834 985,30
	<hr/>
	22 760 508,36
	<hr/>
	25 388 150,00
	<hr/>

Tekjur:

Vextir af hlr. 40091	295 953,60
Verðhækkun spariskírteina	9 984 820,00
	<hr/>
	10 280 773,60
	<hr/>

Gjöld:

Styrkveitingar 1983	4 185 000,00
Vextir af yfirdrætti á hlr. 40091	243 200,00
Ýmiss kostnaður	17 588,30
Tekjur umfram gjöld	5 834 985,30
	<hr/>
	10 280 773,60
	<hr/>

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 30. apríl 1984.

Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs

Björn Bjarnason.

Jóhannes Norðdal.

Gils Guðmundsson.

9. maí 1984

Nr. 256

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð heyrnarkertra útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 9. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir endurhæfingarstöð heyrnarkertra.

Félag heyrnarlausra og félagið Heyrnarhjálp stofna hér með til sjálfseignarstofnunar samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin heitir Endurhæfingarstöð heyrnarkertra og er sjálfseignarstofnun, sett á fót af Félagi heyrnarlausra og Félaginu Heyrnarhjálp.

2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.